



Kristín Valsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild menntunar og margbreytileika, Háskóla Íslands:



Learning journeys of becoming arts educators

A practice-led biographical research

Að verða listkennari – lærdómsferli listamanna

Vörnin fer fram föstudaginn 25. janúar kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Rosie Perkins, Research Fellow í sviðslistum við Royal College of Music, London, og dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Leiðbeinandi var dr. Rineke Smilde, prófessor við Prince Claus Conservatoire in Groningen and University of Music and Performing Arts in Vienna, og meðleiðbeinandi var dr. Gestur Guðmundsson, prófessor við Menntavísindasvið.

Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. dr. Peter Alheit og dr. Peter Rübke.

Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor og forseti Deildar menntunar og margbreytileika Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Um verkefnið

Þessi rannsókn fjallar um nám og námsferli listamanna sem bæta við sig kennaranámi. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þær áskoranir sem mæta nemendum er koma inn á nýjan vettvang og hefja nám í kennslufræðum á meistarastigi. Markmið hennar er að þróa áfram meistaranám fyrir listmenn og koma betur á mótis við þarfir þeirra í meistaranáminu, byggt á þeirra fyrri reynslu og menntun.

Fræðilegur grunnur byggir á kenningum Bourdieus (Bourdieu, 1977, 1984) um praxis, samspil einstaklings og vettvangs tengt auðmagni og gildismati þeirra hópa sem þeir eru þátttakendur í. Kannað er hvað listamenn sem hefja nám í kennslufræðum á meistarastigi takast á við er þeir fara á milli vettvanga; annars vegar út frá lífssögum þeirra en einnig þátttöku þeirra í námsmenningu í listkennslunáminu, hvernig þeir hafa áhrif á hana og móta.

Gögn rannsóknarinnar voru vikulegar dagbókarfærslur 22 fyrsta árs nemenda við listkennsludeild LHÍ ásamt lífsöguviðtölum við 15 listamenn, þar af 12 sem höfðu lokið meistaranámi og útskrifast sem listkennarar frá Listkennsludeild.

Meginniðurstöður eru þær að sú vegferð að tileinka sér nýja sjálfsmynd sem listkennari, meðfram því að vera listamaður, krefst tíma. Lenging kennaranáms hefur því töluvert að segja. Tíminn er þó aðeins einn þáttur í mótuninni þar sem námsmenning kennaranáms er sá vettvangur sem mótar það hvernig tíminn er nýttur. Námsmenning, sem leggur áherslu á ígrundun, samtal og samvinnu samfara fjölbreyttum vinnubrögðum og því að líta til fyrri reynslu og menntunar nemenda í skipulagi, leggur grunninn að því að listamenn tileinki sér nýjan vettvang og nýja sjálfsmynd sem listkennarar.

Gildi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í því að varpa ljósi á þær ögranir sem listamenn standa frammi fyrir er þeir hefja kennaranám á meistarastigi. Niðurstöður hennar má nýta við þróun og uppbyggingu frekara náms á meistara- og doktorsstigi fyrir listamenn á Íslandi. Niðurstöðurnar geta nýst til að skoða og greina uppbyggingu kennaranáms á Íslandi.

Enska

This research is about the learning journeys of artists at the Icelandic University of the Arts studying to become arts educators. The purpose of this research is to shed light on the challenges artists face when entering a new field, specifically the field of teacher education. The research aims are to contribute to the knowledge of how artists learn through biography and to determine how we can bridge the gaps there might be between the arts and the academic worlds.

The theoretical underpinnings of this study are cultural theories. Bourdieu's theory of practice (Bourdieu, 1977, 1984) and theories on biographical learning. The cultural theory of learning and learning cultures are used to determine the primary practices within the Department of Arts Education (DAEd) and the interaction between a learning culture and the participants within it.

Data were collected from three different sources in two different ways. The sources included reflective journals from 22 students within their first semester in the programme and biographical interviews with 12 graduates from the DAEd and three practising artists in the field.

The main conclusions are that the journey to develop a new identity as an arts teacher requires time. The lengthening of teacher education in Iceland has a considerable bearing on this. However, time is only one factor in the process as the learning culture of teacher education is the scene that shapes the use of this time. A learning culture that focuses on reflection, conversation and collaboration offers diversity in learning approaches and simultaneously looks to the student's previous experience and education, laying the ground for artists to develop identities and become arts educators.

The study's results can be useful for the development and structure of further studies at the master's and doctoral levels for artists in Iceland. Moreover, the results can be used to examine and analyse the structure of teacher education in Iceland.

Um doktorsefnið

Kristín Valsdóttir lauk B.Ed. tónmenntakennarapófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1985 og kenndi við Vesturbæjarskóla 1985–1990. Hún lauk tveggja ára framhaldsnámi í tónlistar- og danskenslu árið 1992 frá Orff Institut, tónlistarháskólanum Mozarteum í Salzburg. Eftir heimkomu starfaði hún sem tónmenntakennari og kórstjóri við Vesturbæjarskóla og við stundakenslu og kórstjórn við Kennaraháskóla Íslands, auk kennslu við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Hún sat í stjórn Tónmenntakennarafélags Íslands í ellefu ár, með hléum, á árunum 1985-2004, og í stjórn *Tónlist fyrir alla* og situr nú í stjórn *Orff tónmennta á Íslandi*. Kristín hefur haldið fjölmörg námskeið fyrir kennara og almenning, gefið út námsefni og haustið 2018 kom út hjá Háskólaútgáfunni bókin *Framtíðarmúsík: Rannsóknir og nýjar leiðir í tónlistarmenntun* í hennar ritstjórn. Kristín stofnaði og stjórnaði Unglingakór Dómkirkjunnar 2001–2007 og hefur unnið mikið að barnakórarstarfi og stjórnað kórum við ýmis tækifæri. Frá árinu 2003 starfaði hún að mestu við kennslu og stjórnunarstörf á háskólastigi. Sem kórstjóri og kennari við sviðlistadeild LHÍ frá 1998–2005, stundakennari við tónlistardeild og í kennslufræði við sama skóla, stundakennari með hléum og síðar aðjunkt við Kennaraháskóla Íslands frá 1992 til ársloka 2008. Árið 2006 lauk hún meistaraþáðu frá Kennaraháskóla Íslands og í árslok 2008 var hún ráðin í stöðu deildarforseta nýrrar deildar; listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, sem hún gegnir enn í dag. Kristín er gift Eiríki Hjálmarssyni, börnin eru fjögur og barnabörnin þrjú.